

Stefnuyfirlýsing

ríkisstjórnar

Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks.

Ríkisstjórnin hyggst rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun í atvinnulífinu, sem skili sér í bættem lífskjörum.

Ríkisstjórnin vill tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og sáttargjörð um sanngjörn kjör, m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum.

Ríkisstjórnin stefnir að opnun og eflingu íslensks samfélags m.a. með afnámi einokunar og hafta í atvinnulífi og viðskiptum, með aukinni samkeppni á markaði í þágu neytenda og löggjöf gegn einokun og hringamyndun.

Besta leiðin til að varðveita sjálfstæði þjóðarinnar er að örva efnahagslegar framfarir, án verðbólgu og án ofnýtingar náttúruauðlinda. Setja þarf almennar leikreglur um samskipti fólks og fyrirtækja og ryðja mismunun úr vegi.

Markmiðum sínum hyggst ríkisstjórnin ná með eftirfarandi aðgerðum:

1. Með sáttargjörð um sanngjörn kjör, þannig að auknar þjóðartekjur skili sér í bættem lífskjörum m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum, sem koma hinum tekjulægstu og barnafjölskyldum að gagni.
2. Með mótun sjávarútvegsstefnu, sem nær jafnt til veiða og vinnslu, hamlar gegn ofveiði, eflir fiskmarkaði, treystir byggð og stuðlar að hagræðingu. Og þar sem stjórnarskipuleg staða sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða er tryggð.


3. Með mótun landbúnaðarstefnu, er hafi að leiðarljósi lægra verð til neytenda, bættu samkeppnisstöðu bænda, lægri ríkisútgjöld og gróðurvernd. Þetta felur m.a. í sér breytingar á vinnslu- og dreifingarkerfi landbúnaðarvara í framhaldi af endurskoðun búvörusamnings.
4. Með því að ljúka samningum um álver á Keilisnesi og áætlun um frekari nýtingu orkulinda landsins.
5. Með því að kanna vandlega hvernig stuðla megi að auknum stöðugleika í efnahagslífinu með tengingu íslensku krónunnar við evrópska myntkerfið.
6. Með uppskurði á ríkisfjármálum í því skyni að stöðva hallarekstur, skuldasöfnun og útgjaldapenslu og stuðla þannig að lækkun raunvaxta. Eitt meginverkefni ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu verður að lækka ríkisútgjöld, breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, hefja sölu þeirra, þar sem samkeppni verður við komið, breyta þjónustustofnunum í sjálfstæðar stofnanir, sem taki í auknum mæli gjöld fyrir veitta þjónustu. Verkefni í ríkisrekstri verði boðin út.
7. Með lækkun ríkisútgjalda verði búið í haginn fyrir að jafnvægi náist í ríkisrekstri, án hækkunar skattbyrði. Stefnt skal að lækkun skatta, þegar tekist hefur að hemja vöxt ríkisútgjalda umfram vöxt þjóðartekna. Skattlagning fyrirtækja og neyslu verði samræmd því sem gerist með samkeppnisþjóðum. Samræmd verði skattlagning eigna- og eignatekna.
8. Með því að treysta hvort tveggja í senn, sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum og uppbyggingu félagslegra íbúða. Húsbréfakerfið verði fest í sessi og jafnvægi komið á á húsbréfamarkaði með því að draga úr óhóflegri lánsfjárförf ríkisins. Fjárhagsstaða opinberu byggingasjóðanna verði styrkt. Húsaleigulög verði endurskoðuð, og framboð aukið á leiguhúsnæði og aðstoð veitt til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Bankakerfið verði nýtt til að færa þjónustu við íbúðakaupendur nær þeim í heimabyggð. Fylgt verði eftir áætlun um bættu húsnæðisaðstöðu og þjónustu við aldraða og fatlaða.

9. Með aðgerðum í atvinnu- og samgöngumálum verði þjónustu- og vaxtarsvæði á landsbyggðinni styrkt. Dregið verður úr miðstýringu og forræði eigin mála flutt í heimabyggð. Unnið verður að sameiningu sveitarfélaga í samstarfi við þau. Lífskjör verða jöfnuð m.a. með lækkun húshitunar- kostnaðar þar sem hann er hæstur.
10. Með því að styðja einstaklinga og félög í baráttu gegn landeyðingu og fyrir gróðurvernd. Lög verða sett um eignarhald á orkulindum og almenningum og um afnotarétt almennings. Ríkisstjórnin mun taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi um mengunarvarnir og verndun lífríkis sjávar.
11. Með því að allir landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda og valfrelsis í lífeyrismálum, og iðgjaldagreiðslur hvetji til einstaklingsbundins sparnaðar.
12. Með því að tryggja öllum tækifæri til menntunar við sitt hæfi til þess að búa æsku landsins undir fjölbreytt framtíðarstörf. Dregið verði úr miðstýringu í skólakerfinu og áhersla lögð á starfs- og endurmenntun. Ríkisstjórnin mun efla rannsóknir og vísindastarfsemi og greinar, sem byggjast á hugviti og hátækni.
13. Með því að styrkja forvarna- og fræðslustarf í heilbrigðismálum, sem og varnir gegn vímuefnum og umferðarslysum. Ríkisstjórnin mun vinna að endurskipulagningu á starfsemi sjúkrahúsa og lyfjadreifingu og auka sjálfstæði heilsugæslu- og sjúkrastofnana.
14. Með því að endurskoða núgildandi kosningalög í þeim tilgangi að tryggja jafnræði með kjósendum og auka áhrif þeirra á það, hverjir veljast til þingsetu.
15. Með því að semja um þátttöku Íslendinga í Evrópska efnahagssvæðinu (EES), til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum. Ekki kemur til greina að gefa eftir forræði yfir íslenskri fiskveiðilögsögu í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum.

16. Með því að Íslendingar verði á fordómalausán hátt þátttakendur í hinni miklu umsköpun í átt til frelsis, sem nú setur svip sinn á þróun stjórn mála í Evrópu. Öryggi Íslands verður áfram best borgið með þátttöku Íslendinga í varnarsamtökum vestrænna lýðræðisríkja og varnarsamstarfi við Bandaríki Norður-Ameríku. Jafnframt leggur ríkisstjórnin áherslu á þátttöku Íslands í norrænu samstarfi og í starfi Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu Evrópuþjóða.

Í framhaldi af þessari stefnuýfirlýsingu mun ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks láta undirbúa starfsáætlun þar sem ítarleg grein verður gerð fyrir þeim verkum sem ríkisstjórnin ætlar að ljúka á kjörtímabilinu. Starfsáætlunin verður lögð fyrir Alþingi í haust.

Reykjavík, 30. apríl 1991.

 Jón Baldvin Hannibál